

79 og hafið þjer með nefndu brjefi yðar beiðst samþykkis míns til þessarar ráðstöfunar
14. júní. stjórnarnefndarinnar.

Útaf þessu gefst hinum heiðruðu stiptyfirvöldum hjermeð til vitundar, að við þá ráðstöfun má standa, sem stjórnarnefnd landsbókasafnsins hefur gjört í ofangreindu efni.

80
16. júní. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um ógildingu á fjárveiting sýslunefndar** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 6. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt frá álití amtsráðsins í suðuramtinu viðvíkjandi umkvörtun, er hjeraðslæknir Páll Blöndal hafði sent hingað útaf því, að amtsráðið með úrskurði um sýslusjóðsreikning Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1880 hefir synjað honum um 25 kr. þóknun, er honum hafði verið greidd úr sýslusjóði fyrir ferð til almenns fundar á Þingvöllum árið 1876, er tveir alþingismenn höfðu kvatt til, til þess meðal annars að ræða um algjörða útrýmingu fjárkládans, með því amtsráðið áleit, að lagaheimild hafi vantað til að leggja þetta gjald á sýslusjóðinn.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálíða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra amtmaður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar, að jeg ekki finn ástæðu til að fella hinn hjer um rædda amtsráðsúrskurð úr gildi, og það því síður, sem kostnaður þessi ekki kemur fram í sýslusjóðsreikningnum fyrri en 4 árum eptir að hann telst að vera áfallinn, og málefni það, er hann reis af, auk þess að það eptir lögum eigi heyrði undir þann verkahring, er sýslunefndunum er afmarkaður með sveitarstjórnarlögnum, enganveginn getur álitizt að hafa verið sjerstaklegt sýslumálefni fyrir Borgarfjarðarsýslu.

81
18. júní. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturamtinu um borgun fyrir bólusetningu.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. septemberm. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrskurðar kæru hjeraðslæknisins í 6. læknishjaraði yfir því, að þjer hafið sett niður reikning bólusetjara Einars Magnússonar fyrir bólusetningu í Sanda prestakalli og Dýrafjarðarþingum árin 1882 og 1883, þannig að þjer hafið synjað honum um alla borgun fyrir þá af hinum bólusettu, er bólan kom ekki út á, hvort sem þeir voru bólusettir í fyrsta sinn eða endurbólusettir, en fyrir þá, sem bólan kom út á, hafið þjer veitt 25 aura borgun, að því leyti þeir voru bólusettir í fyrsta sinn, en 12½ eyri, að því leyti þeir voru endurbólusettir, en nefndur bólusetjari hafði reiknað sjer hina umgetnu borgun í báðum tilfellum án tillits til þess, hvort bólan hafði komið út eða ekki.

Um þetta málefni skal jeg þjónustusamlega tilkynna yður það, er nú segir.

Eins og tekið er fram í brjefi yðar, er einungis lagaheimild til að greiða borgun fyrir bólusetningu, þegar bólan kemur út. Þessa lagaheimild er að finna í konungsbrjefi 24. marz 1830 5. gr., þarsem rjettur bólusetjaranna til að fá borgun fyrir bólusetninguna beinlínis er bundinn því skilyrði, að bólan komi út. En með því að konungsbrjef þetta ekki álizt að snerta endurbólusetningu, og aðrar ákvarðanir ekki heldur eru til um borgun fyrir hana, þá verða ekki reglur um slíka borgun byggðar á öðru en venjunni; og með því það á stundum hefur þótt nauðsynlegt að koma fram almennri endurbólusetningu, og þessu hefur ekki getað orðið framgengt, nema bólusetjurunum væri